

# Brunavarnir Langanesbyggðar

Langanesvegi 3b Þórshöfn 4681142/8961142

Þórshöfn 19.11.2024.

Mig langar að lýsa yfir talsverðum vonbrigðum með það fjármagn sem áætlað var í síðustu fjárhagsáætlanagerð uppá 120 milljónir í nýja slökkvistöð skuli hafa verið lækkað um 50% og sé orðnar 60 milljónir á næstu 3 árum. Þetta segir okkur það að við séum ekki að fara í að byggja nýja slökkvistöð.

Í mínum huga þá er ekki hægt að byggja hús sem nýtist slökkviliði í svona mörgum áföngum og á svona löngum tíma. Vitað er að núverandi húsnæði er of lítið og alls ekki hentugt fyrir þá starfsemi sem við erum með. Einnig er staðsetning hússins langt frá því að vera góð vegna t.d. blindbeygja beggja vegna við húsið og þrengsla. Það hefur verið vitað í nokkuð langan tíma að aðstöðuleysi hefur verið að há liðinu töluvert mikið.

Sé það stefna sveitastjórnar að fara ekki í nýbyggingu eins og áætlað var í síðstu áætlun, liggur það fyrir að það þurfi að fara í töluverðar breytingar á núverandi húsnæði til að uppfylla reglugerð um starfsemi og búnað slökkviliða.

Verði ákveðið að fara ekki þá leið að byggja nýja slökkvistöð legg ég til að farið verði í eftirfarandi breytingar árið 2025 á slökkviliðinu.

Möguleiki væri á stækkun og breytingum á núverandi stöð.

- Taka eitt bíl í núverandi húsnæði og breyta því í búningsaðstöðu með því að loka því frá bílasal og starfsmannaaðstöðu.
- Setja milliloft í því bili fyrir starfsmannaaðstöðu.
- Núverandi aðstaða fyrir slökkvitækjapjónustu verði færð.
- Breyta núverandi verkstæði fyrir þvottaaðstöðu eldgalla, reykköfunartækja og annars fatnaðar.
- Byggja þarf eitt bíl til austurs sem væri 10 metra langt og 15 metrar á breidd. Ekki þyrfti að taka útvegg. Hann myndi halda sér og gerð yrði gönguhurð á milli.
- Setja þarf brunahana við eða inni stöð.
- Huga þarf að aðgengismálum til og frá slökkvistöð svo sem bílastæðum starfsmanna og aðgengi neyðarbíla.
- Samhliða þessu þarf að huga að eftirfarandi: Nýja glugga og hurðar, laga núverandi gólf í sal, skápar, iðnaðarþvottavél, þurkskáp, vaska, ýmsar innréttingar og fleira.

Samhliða þessu þá þyrfti að fjárfesta í nýjum búnaði:

- Í forgangi eru kaup á nýjum slökkvibíl. Bíllinn þarf að vera útbúin one seven slökkvikerfi ásamt öðrum búnaði til slökkvi- og björgunarstarfa t.d. björgun á fastklemmdu fólki. Komið er tilboð í slíkan bíl að fjárhæð 29.84.0314 án vsk.
- Fjárfesta þarf í lausum búnaði í bíl fyrir ca. 8 milljónir.
- Endurnýja þarf tankbíl sem er árgerð 1981. Tankur og dæla á bíl mun nýtast áfram.
- Annar búnaður: eiturefnagallar endurnýjum á eldgöllum, lausa dælu og fleira
- Núverandi Sprinter og tankbíl verða seldir.

Mikil breyting hefur orðið á samfélaginu á allra síðustu árum. Nú er t.d. hafin mikil stækkun hjá Ísfélaginu hf. og að öllum líkindum en meiri stækkun á næstu árum með flóknari byggingum uppá allt að 18 þúsund fermertum sem standa mjög þétt saman og sambruni því mikill. Einnig má nefna að byggingamagn hefur aukist mikið í byggðarlaginu s.s. ný ruslaflokkunarskemma, nýr og stærri leikskóli, fjölgun íbúðarhúsa og fleira. Eðli máls samkvæmt er brunaálag orðið miklu meira sem og talsvert meiri hætta á eiturefnaslysum.

Slökkvilið má ekki sitja eftir í allri þessari uppbyggingu á svæðinu svo það muni ekki ráða við þær skyldur sem hvíla á því gagnvart lögum nr 75/2000 og reglugerð um starfsemi slökkviliða nr 747 frá 2018.

Í lokin vil ég einnig taka fram að umferð þungaflutninga og ferðamanna hafa aukist mikið og því fylgir oft fleiri umferða- og mengunarslys.

Óska ég eftir því við sveitarstjórn að hún taki afstöðu til þessara mála við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Og um leið þegar að niðurstaða liggur fyrir verði undirritaður boðaður á fund sem fyrst til frekari útfærslu á þeirri leið sem verður farin.

***F.h. Brunavarna Langanesbyggðar***

---

***Þórarinn Þórisson***  
***Slökkviliðsstjóri***